

## Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um reglur um kjör og hagsmunaárekstra stjórnenda lífeyrissjóða.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve margir stjórnarmenn eða stjórnendur fimm stærstu lífeyrissjóða áttu aðild að stjórn-um fyrirtækja á árunum 2001 og 2002? Óskað er sundurliðunar á hverjum lífeyrissjóði fyrir sig og hvort um sé að ræða sæti í fleiri en einni stjórn fyrirtækja og þá hve mörgum hjá hverjum þeirra.
2. Hversu oft og hjá hvaða framangreindum lífeyrissjóðum var um að ræða stjórnarsetu í fyrirtækjum sem lífeyrissjóðirnir höfðu fjárfest í?
3. Hverjar voru heildarársgreiðslur til þessara stjórnarmanna og stjórnenda lífeyrissjóða annars vegar fyrir setu í lífeyrissjóðum og hins vegar fyrir setu í stjórnnum fyrirtækja á síðastliðnu ári og eftir fjölda stjórnarmanna og stjórnenda?
4. Hvað reglur gilda hjá lífeyrissjóðunum um hlutabréfaeign stjórnarmanna og stjórnenda til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra ef þeir eiga sjálfir hlut í fyrirtæki sem lífeyrissjóðirnir fjárfesta í?
5. Hvaða reglur gilda um setu stjórnarmanna og stjórnenda lífeyrissjóða í stjórnnum fyrirtækja sem lífeyrissjóðirnir hafa fjárfest í ef stjórnarmenn eða stjórnendur eiga sæti í stjórn þess fyrirtækis, eiga sjálfir hlut í því eða eiga annarra hagsmuna að gæta í viðkomandi fyrirtæki?

Skriflegt svar óskast.